

ERINDISBRÉF

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Ábyrgðarmaður: María B. Hermannsdóttir

Inngangur:

Íbúar eru hornsteinar í öllu starfi Reykjavíkurborgar. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS) er tæki sem Reykjavíkurborg notar til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna, en markmið KFS er að samþætta mannréttindastefnu og fjármálastefnu borgarinnar og stuðla þannig að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins með tilliti til mismunandi þarfa þeirra.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á Þjónustu- og nýsköpunarsviði, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Skilgreina jafnréttismarkmið sviðsins
- Tryggja að verklagsreglum sem tengjast KFS sé fylgt eftir á sviðinu.
- Vinna greinargerðir í fjárhagsáætlun um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu.
- Leiða verkefni um greiningar á þjónustubáttum í samræmi við verklagsreglur KFS og tíma- og verkáætlun stýrihóps KFS.
- Greina hvaða kyngreindu gögn þarf að safna á sviðinu og finna leiðir til þess.
- Skipa vinnuhópa, eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustubáttum og styðja við starf þeirra.
- Leggja fram tillögur um aðgerðir og tryggja að þeim sé fylgt eftir.
- Hafa umsjón með jafnréttisskimunum og jafnréttismati vegna nýrra verkefna eða breytinga á verkefnum í samræmi við verklagsreglur um fjárfestingaáætlun og reglur um gerð fjárhagsáætlunar.
- Hafa umsjón með gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats vegna tillagna um auknar fjárheimildar sviðsins (viðauka) í samræmi við verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Steindór Birgisson (formaður), fjármálaþjónusta.

Bjarni Jón Sveinbjörnsson, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar.

Dagný Einarsdóttir, skrifstofa upplýsingatækniþjónustu.

Diljá Auður Kolbeinsdóttir Gray, Borgarskjalasafn.

Eva Björk Björnsdóttir, skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur.

Eyrún Ellý Valsdóttir, skrifstofa þjónustu og umbreytinga.

Hlynur Hallgrímsson, skrifstofa gagnaþjónustu.

Starfshópurinn getur leitað eftir ráðgjöf til starfsfólks borgarinnar og annarra fagaðila vegna afmarkaðra verkefna.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn mun vinna starf sitt í samráði við verkefnastýru kynjaðrar fjárhagsáætlunar á fjármála- og áhættustýringarsviði, sérfræðihóp KFS sem og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Starfshópurinn mun einnig leita ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn er skipaður til tveggja ára í senn. Í janúar 2026 verður hlutverk og samsetning starfshópsins endurmetin.

Reykjavík, 27. febrúar 2024

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs



María B. Hermannsdóttir,
fjármálastjóri